

Bæjarstjórn Vesturbyggðar

Aðalstræti 75 Patreksfirði

Krafa um uppgröft á gamalli asbestvatnslögn í túni Litlu- Eyrar og frágang alls umróts þar í tengslum.

Hér með er farið fram á það að Vesturbyggð grafi upp gamla vatnslögn og fjarlægji sem liggur um mitt tún jarðarinnar Litlu- Eyrar ofan þjóðveggar inn í Bíldudalsþorp og komi öllu raski undanfarinna ára sem tengist viðgerðum hennar í sama horf eða í stöðu ræktaðs túnlánda.

Fellur þessi krafa fyllilega að bókun 3. ja liðar bæjarráðs Vesturbyggðar 26. 04. 21:

***Bæjarstjóri fór yfir helstu framkvæmdir framundan á Bíldudal, m.a.
malbikunarframkvæmdir, gangstéttar og fegrun umhverfis í þorpinu.***

Gefinn er 45 daga frestur frá og með 12. maí 2021 til að fjarlægja framangreinda vatnslögn og laga allt jarðrask í túninu sem tengist henni. Gangi það ekki eftir eða leitað samninga um framlengingu taka landeigendur kr. 100.000- í leigu fyrir afnot túnsins fyrir hverja byrjaða viku sem dregst að koma til móts við framangreinda kröfu.

Á það er bent til stuðnings framlagðri kröfu að Vesturbyggð leitaði eftir heimild til að leggja nýja vatnslögn ofan þessara sömu túna. Var það leyft gegn því skilyrði að gamla asbestlögnin yrði grafinn upp og fjarlægð og öllu raski túnsins komið í fyrra horf. Nú hefur ný vatnslögn verið lögð en ekkert hefur gerst í því að taka hana í notkun. Samt er komið vel á þriðja ár frá því framkvæmdum lauk. Allan þann tíma og lengur hefur uppgrafið túnið meðfram gömlu lögninni blasað við öllum vegfarendum og til mikilla lýta á aðkomunni í þorpið. Lengur verður ekki við þetta unað og sérstaklega þar sem ný vatnslögn hefur þegar verið lögð í stað þeirra gömlu.

Bíldudal 11. maí 2021

F.h. landeigenda jarðarinnar Litlu- Eyrar Bíldudal.

Helga Bjarnadóttir

